

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	21/8 2018
Málsnr:	1801099
Bréfal:	2531

## 10. fundur

Kaplakrikahópurinn 21. nóvember 2018

Fundurinn fór fram í bæjarráðsal, Strandgötu 6

Mættir: Sveinn Reynisson formaður, Skarphéðinn Orri Björnsson, Valdimar Svavarsson Ásmundur Ingvarsson og Viðar Halldórsson.

Starfsmenn: Geir Bjarnason, Rósa Steingrímsdóttir, Sigríður Kristinsdóttir og Helga Stefánsdóttir

Fjarverandi:

Gestur: Viktor Sigurðsson

1. Staðfest fundargerð síðasta fundar frá 6. nóvember
2. Bæjarráð hefur staðfest tillögu hópsins á verði á mannvirkjunum þrem.
3. Framvinduáætlun lögð fram staðfest af fulltrúa Verkís þar sem fram kemur að jarðvinna sé komin vel af stað og megnið af hönnun hússins sé lokið. Samþykkt að greiða FH lokahluta greiðslu ársins samkvæmt fjárhagsáætlun kr. 16.266.647.
4. Eignaskiptasamningur. Hægt er, skv. byggingafulltrúa að setja fastanúmer á hvert útiþróttamannvirki sem eru ekki fasteignir og nota þau númer til að vinna áfram að eignaskiptunum. Einnig á að setja fastanúmer á hvern byggingareit en þeir eru nokkrir. Viktor gerir lista yfir þessi öll mannvirki; stærðir og eignarhluta og fær frá Byggingafulltrúa skráningu og númer á hvern hluta. Þessu verður skilað inn næsta mánudag.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 29. nóvember kl. 10.30

Sveinn Reynisson  
Valdimar Svavarsson  
Orri Björnsson  
Viðar Halldórsson

Geir Bjarnason ritari